

Aðalfundur Félags sjúkraþjálfara

Starfsreglur kjörstjórnar vegna formannskjörs

Lagðar fram til kynningar á aðalfundi FS, dags. 14. mars 2017

Þegar lok kjörtímabils formanns nálgast, 4 mánuðum fyrir aðalfund, skal formaður tilkynna stjórn FS hvort hann hyggist bjóða sig fram til endurkjörs.

Minnst 3 mánuðum fyrir aðalfund skal kallað eftir framboðum til formannsembættis. Framboðsfrestur rennur út 6 vikum fyrir áætlaðan aðalfund og skal skilað til ritara félagsins. Komi í ljós að tveir eða fleiri bjóða sig fram skal stjórn skipa kjörstjórn sem stýrir kosningunum, í samræmi við 9. gr laga FS.

Þegar framboðsfresti lýkur skulu frambjóðendum gefnar 2 vikur til að kynna sig að vild. Skrifstofa félagsins aðstoðar við kynningu á frambjóðendum á miðlum félagsins og skal gæta jafnræðis.

Að þeim tíma liðnum fer fram rafræn kosning meðal allra félagsmanna (nema ungfélaga) séu fleiri en einn í kjöri. Séu fleiri en tveir í kjöri og ekki fæst hreinn meirihluti í fyrstu umferð skal kjósa aftur rafrænt milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu.

Komi ekki mótframboð gegn sitjandi formanni telst hann sjálfkjörinn án kosningar.

Niðurstöðu kosninga skal tilkynnt um leið og niðurstaða er ljós og á aðalfundi.

Samþykkt af stjórn FS og lagt fram til kynningar á aðalfundi félagsins, dags. 14. mars 2017.

Aðalfundur Félags sjúkraþjálfara

Starfsreglur um kosningu til stjórnar og í aðrar trúnaðarstöður

Lagðar fram til kynningar á aðalfundi FS, dags. 14. mars 2017

Framboð til trúnaðarstarfa félagsins (annarra en formanns) skulu hafa borist uppstillingarnefnd amk. 3 vikum fyrir aðalfund og upplýsingar um frambjóðendur sendar út með aðalfundarboði. Því aðeins er hægt að bjóða sig fram á aðalfundi að ekki hafi komið framboð í embættið fyrir tilskilinn framboðsfrest. Kjósa skal skriflega á aðalfundi, séu fleiri í kjöri en kjósa á.

Samþykkt af stjórn FS og lagt fram til kynningar á aðalfundi félagsins, dags. 14. mars 2017.

Aðalfundur Félags sjúkraþjálfara

Starfsreglur um ritstýringu ályktana og lagagreina

Lagðar fram til kynningar á aðalfundi FS, dags. 14. mars 2017

Komi fram ályktun eða lagabreytingartillaga á aðalfundi FS þar sem mikil umræða skapast um orðalag er fundarstjóra heimilt að vísa efninu til ritara aðalfundar og stjórnar FS og þeim falið að annast frágang efnisins. Tryggt skal að efnistöð og innihald sé í samræmi við vilja aðalfundar, einungis er heimilt að finna orðalagi góðan farveg.

Samþykkt af stjórn FS og lagt fram til kynningar á aðalfundi félagsins, dags. 14. mars 2017.